
# VESTMANNAEYJASÝNINGIN



Á MORGUN klukkan 14 verður opnuð „Vestmannaeyjasýningin að Kjarvalsstöðum 1973", en þar verða sýndir munir og málverk í eigu Byggðasafns Vestmannaeyja, 34 myndir eftir Kjarval í eigu bæjarsjóðs Vestmannaeyja og 26 ljósmyndir frá Eyjum teknar af Gísla Fr. Johnsen. Byggðasafn Vestmannaeyja er það elzta í landinu, en það hóf starfsemi sína árið 1932 undir forystu Þorsteins Þ. Víglundssonar, sem stjórnað hefur því síðan og á veg og vanda af þessari sýningu. Á þessari mynd sjáum við Þorstein með einn athyglisverðasta hlut safnsins, en það er forláta byssa, sem fullvíst er talið að hafi verið notuð, þegar Tyrkir fóru ránshendi um Eyjarnar, en þá voru 34 Vestmannaeyingar drepnir og 242 fluttir í þrældóm til Alsír. Sýningin verður opin frá kl. 14-22, laugardaga og sunnudag, en aðra daga frá kl. 16-22 og stendur til laugardagsins 25. nóvember. (Tímamynd: Gunnar.)

# Allar víxilskuldir Sparisjóðs Vestmannaeyja

## innheimtar á þrjátíu og fjórum stöðum á landinu

ÞEGAR eldgosið í Vestmannaeyjum hófst, átti Sparisjóður Vestmannaeyja mikið fé útistandandi í víxlum. Samkvæmt sérstökum lögum var Vestmannaeyingum veittur gjaldfrestur á öllum skuldum til 23. marz. Á því tímabili gjaldféllu 1435 víxlar Sparisjóðsins upp á 73 milljónir. 1435 borguðu víxla sína á þessu tímabili, þrátt fyrir áfallið, en 1286 voru gjaldfallnir og óinnheimtir og skuldunautarnir dreifðir á 34 staði á landinu. 30. júní voru aðeins 194 víxlar, að verðmæti nokkur hundruð þúsund króna, ógreiddir.

Frá þessu segir sparisjóðsstjórinn, Þorsteinn Þ. Víglundsson, í nýútkomnu hefti af Bliki, tímariti hans um byggðasögu Vestmannaeyja. Og því má bæta við, að nú munu flestir eða allir víxlarnir,sem óborgaðir voru 30. júní, hafa verið gerðir upp.

Þorsteinn rekur á skemmtilegan hátt sögu sparisjóðsins þessa mánuði. Eldgosið hófst aðfaranótt 23. dags janúarmánaðar, og Þorsteinn var ekki fyrr kominn til lands á flótta undan því en hann sneri aftur til Eyja, ásamt skrifstofustjóra sínum, Benedikt Ragnarssyni, og gjaldkera, Ólafi Haraldssyni, til þess að bjarga fjármunum og gögnum sparisjóðsins, en þá hafði Svanbjörn Frímannsson heitið að rýma til í húsakynnum Seðlabankans í Reykjavík vegna sparisjóðsins. Fararleyfi þeim til handa hafði misfarizt, en þeir fóru til Eyja samt sem áður, enda mótmælti skipstjórinn á Heklu ekki.

Öllum bókum og gögnum sparisjóðsins var troðið í tvær bifreiðir, sem settar voru í lest Heklu í gjóskuregni og eimyrju, peningar sparisjóðsins, um tvær milljónir, látnar í járnkassa, en víxlarnir upp á meira en sjötíu milljónir í pappakassa, sem síðan var krossbundinn vandlega, því að betra ílát var ekki tiltækt. „Af honum skyldi ég aldrei sleppa hendi fyrr en í áfangastað", segir Þorsteinn.




Þorsteinn Þ. Víglundsson með víxla sparisjóðsins í krossbundnum pappakassa, hlaupandi til skips í glóandi gjóskuregni.

Hekla hélt til Þorlákshafnar, og er skemmst af því að segja, að daginn eftir, 25. janúar, á þriðja degi gossins, var búið að opna sparisjóðinn í Hafnarstræti í Reykjavík.

Má því sannarlega segja, að snaggaralega hafi verið að öllu gengið, brottflutningi á eignum sparisjóðsins, opnun hans á nýjum stað og innheimtu skulda, sem torveldara og fyrirhafnarsamara var við að fást en gengur og gerist.

Og nú er Þorsteini efst í huga, að sparisjóðurinn geti lánað milljónatugi til endurreisnar Vestmannaeyjakaupstaðar.

# HANN VILDI GERA HINUM ÓLEIK

## — pantaði því sófasett, þvottavél og fleira og lét senda honum það

— ÉG hef ekki pantað neitt sófasett....ég hef ekki pantað þvottavél....og ég hef ekki pantað þetta og ekki þetta....og ég borga ekki neitt af þessu.

Maður einn hér í bæ varð fyrir því í gærdag, að heim til hans komu menn frá hverju fyrirtækinu á fætur öðru, með allskonar hluti, sem þeir sögðu að hann hefði pantað og lofað að greiða um leið og komið væri með þá.

Allt voru þetta dýrir og stórir hlutir. Kostuðu sumir þeirra vel á annað hundrað þúsund króna. Maðurinn vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og taldi, að eina úrræðið fyrir sig væri að hringja á lögregluna og biðja hana um að kanna málið.

Hann hafði grun um hver ástæðan væri fyrir þessu, og við nánari eftirgrennslan lögreglunnar kom hið sanna í ljós. Nágranni mannsins, sem telur að hinn hafi gert eitthvað á sinn hlut, hafði hringt í marga staði og sagzt vera þessi maður, og ætlaði hann að kaupa þetta og hitt, sem hann nánar tiltók. Sagði hann síðan búðarfólkinu, að þetta yrði greitt um leið og komið væri með það inn um dyrnar.

Svo hugulssamur var hann, að hann sá um að „hinn" fengi 15% afslátt á öllum vörunum, vegna þess að þær væru staðgreiddar.

Lögreglan tók málið í sína umsjá, en ekki er okkur kunnugt um hvort hún tók hinn raunverulega kaupanda einnig í sína umsjá. Það sem hann gerði þarna er að sjálfsögðu brot á öllum lögum, og getur hann bæði orðið að greiða stórfé til nágranna síns og einnig til þeirra aðila, sem hann verzlaði við.

En það, sem vekur mesta undrun manns í þessu sambandi er, að hægt sé að hringja í hvaða búð sem er og láta senda dýrar vörur í allar áttir, ef aðeins er lofað staðgreiðslu.

—klp —

# Lögreglustjóri veitir ekki leyfið

SMÁVÆGILEGUR misskilningur hefur slæðzt inn í frétt blaðsins um veitingu vínveitingaleyfis til Röðuls. Það er dómsmálaráðuneytið, sem veitir leyfið í þessu tilviki, en ekki lögreglustjóri, sem er einungis umsagnaraðili í þessu sambandi. Lögreglustjóri veitir aðeins vínveitingaleyfi til félaga og þá af sérstöku tilefni, svo sem árshátíðum o.þ.h. Dómsmálaráðuneytið annast hins vegar leyfisveitingar til veitingahúsa. — HHJ

# ÁVÍÐA VANGI

## Undanþágur til laxveiði í sjó verði afnumdar

Endurflutt hefur verið á Alþingi frumvarp um að þær undanþágur, sem verið hafa í gildi, um laxveiði í sjó, verði afnumdar. Flutningsmenn frumvarpsins eru fjórir þingmenn í efri deild úr jafn mörgum flokkum. Þeir eru Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Jón Ármann Héðinsson og Helgi Seljan.

Undanþágur til laxveiði í sjó, sem nokkrar jarðir í landinu hafa haft, eru reistar á heimild í 14. grein laxveiðilaganna, sem er þannig orðuð:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg."

Frumvarp þeirra fjórmenninga er um að fella þessa heimild niður.

## Alþjóðlegt bann við laxveiðum í sjó nauðsynlegt

Það hefur verið yfirlýst stefna Íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Hafa Íslendingar hlotið hrós fyrir þá ákvörðun sína á alþjóðlegum vettvangi frá fiskræktarmönnum. Miklar deilur hafa staðið milli þjóða um laxveiði í sjó og er þar skemmst að minnast deilnanna um laxveiði Dana við Grænland. Íslendingar hafa skipað sér mjög ákveðið í hóp þeirra þjóða, sem berjast gegn laxveiði í sjó, enda eiga Íslendingar mikilla hagsmuna að gæta. Þeir hagsmunir fara sívaxandi með áframhaldandi og mjög árangursríkri laxarækt í ám á Íslandi. Íslendingar vilja að sjálfsögðu ekki að íslenzki laxastofninn, sem klakinn er út í íslenzkum ám með ærnum kostnaði og fyrirhöfn verði veiddur í sjó af þeim, sem engu hafa til hans kostað. Þróun í veiðitækni er ör og sá tími getur nálgast, að tæknin leyfi, að unnt verði að sópa laxinum upp, þegar stöðvar íslenzka laxastofnsins í hafinu hafa verið fundnar. Í þeirri baráttu, sem nú stendur yfir á alþjóðlegum vettvangi fyrir algjöru banni við laxveiðum í sjó, er það blettur á annars hreinum og góðum skildi Íslendinga í þessu máli, að enn skuli vera í gildi undanþágur til laxveiða í sjó. Veikja þær okkar málstað og annarra þeirra, sem berjast fyrir algeru banni.

## Nú er mál að linni

Þessar undanþágur eru einnig þyrnir í augum þeirra, sem stunda vilja öfluga laxfiskarækt í ám í nágrenni þeirra jarða, sem undanþáganna njóta, og gætu þannig orðið til að hamla áhuga á fiskrækt í viðkomandi ám, en aukin fiskrækt er hagsmunamál þjóðarinnar allrar og getur orðið þjóðinni mjög umtalsverð tekjulind í framtíðinni. Þar sem þetta undanþáguákvæði nær í reynd aðeins til fárra aðila í landinu ætti að vera tiltölulega lítið átak eða áhætta fyrir ríkis valdið að fella þetta heimildarákvæði niður úr lögum. Réttindi viðkomandi aðila eru væntanlega tryggð í lögum og gætu þeir sótt sín skaðabótamál fyrir dómstólum, eða samið við ríkisvaldið um bætur, ef rétt þætti að bæta þeim sviptingu heimildarinnar til laxveiði í sjó. Þetta undanþáguákvæði og þessi leyfi, sem veitt hafa verið til laxveiði í sjó, hafa staðið svo

Framhald á bls. 8.